

Sambandsþing Landssambands ungmennafélaga (LUF) 2021

Laugardaginn 27. febrúar, streymt frá Hinu húsinu, Rafstöðvarvegi 7, kl.
13-16:00

1. Þingsetning og kosning þingforseta

Una Hildardóttir forseti LUF setur þingið kl 13:02 með ávarpi. Forseti kynnir tillögu stjórnar: *Stjórn leggur til að Sigurður Sigurðsson fyrrverandi forseti LUF verði kjörinn þingforseti.* Forseti ber tillögu stjórnar upp til samþykktar með því að nota „raise hand” á zoom. Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þingforseti tekur til starfa og ber dagskrárdrög undir þingið til samþykktar.

2. Kosning þingritara og kjörbréfanefndar

Til þingritara leggur stjórn til Rut Einarsdóttur, verkefnastjóra LUF. Var sú tillaga samþykkt og hún tekið við störfum. Til kjörbréfanefndar leggur stjórn til Tinnu Isebarn, framkvæmdastjóra LUF og Sigurð Helga Birgisson, lögfræðing LUF og óskar eftir einum til viðbótar af þingfulltrúum sem gefur sig fram. Þingforseti ber tillögur stjórnar upp til samþykktar og er það samþykkt. Þingforseti óskar eftir framboði meðal þingfulltrúa. Alexandra Ýr van Erven fulltrúi UJ býður sig fram og er það samþykkt.

3. Inntaka nýrra aðildarfélaga

3.1. Umsóknir um áheyrnaraðild

3.1.1 *Unghugar - Hugarafls:* Sóttu um áheyrnaraðild sem stjórn samþykkti með lófaklappi 22. júlí. Tilgangur félagsins er að vinna fyrir ungt fólk sem hefur persónulega reynslu af andlegum áskorunum. Markmið Unghuga eru m.a. að hafa jákvæð áhrif á íslensk geðheilbrigðiskerfi, uppræta fordóma, efla fyrirmyndir, huga að bata og valdeflingu ungs fólks í sjálfsvinnu.

3.1.2 *Ungheill - Ungmennaráð Barnaheilla:* Sóttu um áheyrnaraðild sem stjórn samþykkti með lófaklappi 18. ágúst. Ráðið er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára og er hlutverk þess að hvetja ungt fólk til þátttöku, hafa áhrif á sitt samfélag og berjast fyrir mannréttindum barna.

3.1.3. *Ungmennaráð UN Women:* Sóttu um áheyrnaraðild sem stjórn samþykkti með lófaklappi 18. september. Markmið ráðsins er að vera málsvari kvenna í fátækari ríkjum heims með það að leiðarljósi að störf þeirra séu órjúfanlegur hluti af efnahags- og félagslegrar framþróunar.

3.1.4. *Ungliðahreyfing ÖBÍ:* Sóttu um áheyrnaraðild sem stjórn samþykkti með lófaklappi 18. September. Tilgangur hreyfingarinnar er að veita jafningjastuðning, stuðla að sjálfstyrkingu og berjast fyrir réttindum fatlaðs fólks.

3.2. *Umsókn Ungra Fjárfesta um fulla aðild*

Fulltrúi Ungra Fjárfesta fær 2 mín. til að kynna félagið, en fulltrúi er ekki mættur svo Framkvæmdastjóri LUF kynnir félagið fyrir þingfulltrúum. Markmið félagsins er að skapa vettvang fyrir faglega umræðu og tengsl milli félagsmanna sem og að vekja áhuga félagsmanna og ungs fólks á fjármálum, fjárfestingum, sparnaði og verðbréfamarkaði. Framkvæmdastjóri LUF gerir grein fyrir ályktun stjórnar um umsókn Ungra fjárfesta um fulla aðild að LUF. Þingforseti ber upp umræðu og kosningu. Engar umræður berast og farið er í atkvæðagreiðslu og var umsókn Ungra Fjárfesta samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3.3. *Umsókn ELSA Iceland um fulla aðild*

Fulltrúi ELSA Iceland fær 2 mín. til að kynna félagið, en fulltrúi er ekki mættur svo Framkvæmdastjóri LUF kynnir félagið fyrir þingfulltrúum. ELSA er hluti af evrópskri heild laganema sem vinna að því að læra og miðla lögfræðipækkingu með það að markmiði að byggja upp réttlátara samfélag - þar sem mannréttindi eru höfð að leiðarljósi. Framkvæmdastjóri LUF gerir grein fyrir ályktun stjórnar um umsókn ELSA Iceland um fulla aðild að LUF. Þingforseti ber upp umræðu og kosningu. Engar umræður berast og farið er í atkvæðagreiðslu og var umsókn ELSA Iceland samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. **Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu**

Una Hildardóttir forseti LUF kynnir helstu verkefni sem unnin voru á starfsárinu. Sara Þöll Finnbogadóttir alþjóðafulltrúi LUF gerði grein fyrir alþjóðastarfinu. Þingforseti býður til umræðu en engar umræður berast.

5. **Ársreikningar lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu**

Ásdís Nína Magnúsdóttir gjaldkeri LUF leggur fram ársreikning 2020 og greinir frá fjárhagsstöðu félagsins. Þingforseti býður til umræðu. Alexandra Ýr fulltrúi UJ spyr

út í hækkun launa og launatengdra gjalda. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri gera grein fyrir því og útskýra að það sé vegna aukinna stöðugilda, sem einnig hafa skilað sér í aukinni afkastagetu. Engar frekari spurningar berast og þakkar Alexandra fyrir útskýringuna og vel unnin störf. Ársreikningur var lagður fyrir þingið og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillaga að framkvæmdaáætlun lögð fram til umræðu

Una Hildardóttir forseti LUF kynnir tillögu fráfarandi stjórnar að framkvæmdaráætlun. Þingforseti býður til umræðu. Jóna Þórey Pétursdóttir fulltrúi UJ spyr út í hlutverk réttindastofu LUF og forseti gerir grein fyrir því. Framkvæmdaáætlun var lögð fyrir þingið og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Árgjald

Ásdís Nína Magnúsdóttir gjaldkeri LUF lagði fram tillögu að óbreyttu árgjaldi, 5.000 kr. á ári. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Hlé var gert á fundi kl 14:10. Fundur hófst á ný kl 14:25.

8. Tillögur og ályktanir teknar til umræðu og atkvæðagreiðslu

8.1. Uppfærðar Siðareglur LUF

Ásdís Nína Magnúsdóttir, gjaldkeri LUF kynnir breytingar á siðareglum sem samþykktar hafa verið af leiðtogaráði og ber þær upp til samþykktar á þingi.

8.1.1. *Tillaga 1:* Ragna, fulltrúi UJ leggur til breytingatillögu á lið 5.7. í stefnu LUF. Hún leggur til að breytingin verði: “5.7. Opinberir forsvarsmenn LUF eru þverpólitískir, gæta hlutleysis og tala fyrir hagsmunum ungs fólks í heild sinni.” Í stað verði liðurinn “5.7. Opinberir forsvarsmenn LUF eru þverpólitískir **í störfum sínum fyrir LUF og** tala fyrir hagsmunum ungs fólks í heild sinni.” Viktor Ingi Lorange, ritari LUF, talar fyrir hönd stjórnar LUF og mælir gegn tillögunni, hann gerir grein fyrir því að hlutleysi sé nauðsynlegt í öllum störfum LUF. Ragna leggur fram breytingu á breytingu sinni og verði nú “5.7. *Opinberir forsvarsmenn LUF eru þverpólitískir, gæta hlutleysis í störfum sínum fyrir LUF og tala fyrir hagsmunum ungs fólks í heild sinni.*” Þingfulltrúi býður endurbætta tillögu til atkvæðagreiðslu. Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8.1.2. *Tillaga 2:* Alexandra Ýr, fulltrúi UJ leggur til breytingartillögu á lið 6.2. Hún leggur til að: “6.2.Brjótí aðili gegn reglum þessum skal hann bæta fyrir brotið eins og stjórn telur viðeigandi. Stjórn getur vísað aðilanum úr starfi, tímabundið eða að fullu sé ekki hægt að bæta upp fyrir brotið.” verði “Brjótí aðili gegn reglum þessum skal hann bæta fyrir brotið eins og **trúnaðarfulltrúar telja** viðeigandi. Stjórn getur vísað aðilanum úr starfi, tímabundið eða að fullu sé ekki hægt að bæta upp fyrir brotið.” Kom í ljós að það var villa í þingskjölum og hefur þessi liður verið samþykktur á leiðtogaráði með breytingum. Rut Einarsdóttir verkefnastjóri LUF útskýrir villuna og uppfærir þingskjöl. Liði 6.2. hafði þegar verið breytt í “Brjótí aðili gegn reglum þessum skal viðkomandi bæta fyrir brotið í samræmi við afgreiðslu málsins. Stjórn getur vísað aðilanum úr starfi, tímabundið eða að fullu sé ekki hægt að bæta upp fyrir brotið.” Í ljósi þessa dregur Alexandra tillögu sína til baka. Ragna fulltrúi UJ leggur til umræðu, en ekki breytinga, að trúnaðarmaður verði skilgreindur. Forseti LUF tekur orðið og vekur athygli á því að hlutverkið var áður skilgreint í verklagsreglum stjórnar. Hún leggur til að það verði sett aftur inn og leggur til að það verði kosið um að setja það aftur inn í verklagsreglur stjórnar: *að stjórn ákveði trúnaðarmann*. Fundarstjóri leggur til atkvæða um breyttar siðareglur. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8.2. *Endurbætt Stefna LUF*

Una Hildardóttir forseti LUF kynnir tillögu stjórnar að endurbættri Stefnu LUF. Borist hafa breytingartillögur að endurbættri stefnu og eru þær kynntar:

8.2.1. *Tillaga 1: Tvær breytingartillögur frá Jónu Þóreyju Pétursdóttur fulltrúa UJ í 2 liðum.*

1.) Lagt til að setningin “LUF telur að bregðast þurfi við því að hátt hlutfall ungs fólks stríðir við geðsjúkdóma á við kvíða og depurð” í lið 1.3. verði “*LUF telur að bregðast þurfi við því að hátt hlutfall ungs fólks stríðir við kvíða og depurð*”. Hún útskýrir að depurð sé ekki skilgreind sem geðsjúkdómur og því eigi það orðalag ekki við. Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir fulltrúi SHÍ telur þetta góðan punkt og er sammála. Borið til atkvæðagreiðslu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2.) Lagt til að setninging “LUF leggur til að tækifæri til skiptináms verði efla og telur að fjölga þurfi tækifærum á gæða starfsnámi. LUF tekur sterka afstöðu gegn ólaunuðu starfsnámi en leggur til að ríkið og fyrirtæki styðji við launað starfsnám eða að boðið verði upp á einingar á framhalds- og háskólastigi.” verði “*LUF leggur til að tækifæri til skiptináms verði efla og telur að fjölga þurfi tækifærum á gæða starfsnámi. LUF tekur sterka afstöðu gegn ólaunuðu starfsnámi og leggur til að*

ríkið og fyrirtæki sem rekin eru með hagnaðarsjónarmiðum styðji við launað starfsnám samhliða því að boðið verði upp á einingar á framhalds- og háskólastigi.” Sigurður Helgi Birgisson lögfræðingur LUF leggur upp um ræðu um MSN og hvernig þetta muni hafa áhrif á námslán. Sara Þöll Finnbogadóttir alþjóðafulltrúi LUF útskýrir það fyrir honum til hliðar og hann dregur athugasemd sína til baka. Borið upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8.2.2. Tillaga 2: Breytingatillaga frá Alexöndru Ýr fulltrúa UJ

Lagt til að “Því þarf að aðlaga menntakerfið að nútímaþörfum atvinnulífsins og styrkja þarf samstarf menntakerfisins við einkageirann” í liði 1.4. verði tekið út í heild sinni. Hún útskýrir að það sé vegna þess að þetta fer þvert á stefnu LÍS, Samband íslenskra framhaldsskólanema og náms-og kennslustefnu SHÍ. Þarfir atvinnulífs ættu ekki að vera forsenda fyrir breytingum í menntakerfinu. Borið upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með meirihluta atkvæða, eða eitt á móti og 18 með.

Þingforseti ber endurbætta stefnu LUF í heild með breytingum til atkvæðagreiðslu og er hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8.3. Yfirlýsing Leiðtogaráðs

Geir Finnsson, varaforseti LUF og oddviti leiðtogaráðs kynnrir yfirlýsingu leiðtogaráðs til samþykktar. Geir skýrir að tillagan hafi upphaflega borist frá forseta UJ og var rædd á Leiðtogaráðsfundi en vegna formgalla í afgreiðslu hafi stjórn lagt til eftirfarandi tillögu: *Lagt er til að yfirlýsingin verði birt opinberlega í nafni Sambandsþings LUF.* Ragna, fulltrúi UJ tekur orðið og segir að yfirlýsingin hafi tekið breytingum til hins betra og fagnar yfirlýsingunni. Sigurður Helgi Birgisson lögfræðingur LUF ber upp tillögu skrifstofu LUF um að þetta verði birt sem ályktun, ekki yfirlýsing. Borið til atkvæðagreiðslu og er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að yfirlýsingin verði birt sem ályktun í nafni sambandsþings.

9. Lagabreytingatillögur

Þingforseti tilkynnir að engar tillögur bárust.

10. Tilkynningar um framboð til forseta, varaforseta, ritara, gjaldkera, alþjóðafulltrúa, tveggja meðstjórnenda, tveggja varamanna og ungmennafulltrúa hjá SP á sviði sjálfbærrar þróunar rennur út.

11. Kynning á skipan leiðtogaáðs

Geir Finnsson oddviti ráðsins kynnir fulltrúa leiðtogaáðs fyrir starfsárið 2021-2022. Óskar hann eftir að aðildarfélögin tilkynni um breytingar ef einhverjar eru. Kristín Rós Sigurðardóttir er nú fulltrúi Hugrúnar - geðfræðslufélags og Ríkey Jóna Eiríksdóttir fulltrúi JCI. Fulltrúar leiðtogaáðs eru því nú:

1. Helga Björg Óladóttir, AFS á Íslandi
2. Ragnhildur Einarsdóttir, Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS)
3. Mladen Zivanovic, AIESEC
4. Kolbeinn Arnaldur Dalrymple, Félag ungra jafnréttissinna
5. Ríkey Jóna Eiríksdóttir, JCI á Íslandi
6. Olga Pokrovskaya, Núll prósent
7. Filipa Ramos Gomes, Seeds
8. Júlíus Viggó Ólafsson, Samband íslenskra framhaldsskólanema
9. Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Samband ungra framsóknarmanna
10. Haukur Logi Karlsson, Samband íslenskra námsmanna erlendis
11. Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, Stúdentaráð Háskóla Íslands
12. Ragna Sigurðardóttir, Ungir jafnaðarmenn
13. Þorgerður María Þorbjarnardóttir, Ungir umhverfissinnar
14. Sigrún Birna Steinarsdóttir, Ung vinstri græn
15. Guðmundur Bjarnason, Samtök ungra bænda
16. Guðrún Fjola Guðmundsdóttir, Ungmennadeild norræna félagsins
17. Tómas Torrini Davíðsson, CISV
18. Stefanía Reynisdóttir, Uppreisn - Ungliðahreyfing Viðreisnar
19. Kristjana Björk Barðdal (staðgengill formanns) - Ungar athafnakonur
20. Guðrún Svava Baldursdóttir, Samfés
21. Ólafur Hrafn Halldórsson, Ungir Píratar
22. Eyþór Máni Steinarsson, Kóder
23. Ingi Hrafn Pálsson, URKÍ
24. Starri Reynisson, UE
25. Kristín Rós Sigurðardóttir, Hugrún - Geðfræðslufélag
26. Ragnheiður Dóra H. Jónsdóttir, JB Iceland
27. Nadía Lóa Atladóttir, Ungmennadeild UNICEF

12. Kosning formanns, varaformanns, gjaldkera, ritara, alþjóðafultrúa, tveggja meðstjórnenda og tveggja varamanna. Þingforseti tilkynnir að hver frambjóðandi fái 3 mín. til að kynna sig í pontu.

12.1. Framboði til forseta:

Una Hildardóttir, fulltrúi Ungra Vinstri Grænna (UVG) kjörin með lófaklappi.

12.2. Framboð til varaforseta:

Geir finnsson, fulltrúi Uppreisnar kjörinn með lófaklappi.

12.3. Framboð til gjaldkera:

Sylvía Martinsdóttir fulltrúi UE kjörin með lófaklappi.

12.4. Framboð til ritara:

Viktor Ingi Lorange fulltrúi Ungmennadeildar Norræna Félagsins (UNF) kjörinn með lófaklappi.

12.5. Framboð til alþjóðafulltrúa:

Sara Þöll Finnbogadóttir fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) kjörin með lófaklappi.

12.6. Framboð til meðstjórnenda:

- Davíð Sól Pálsson fulltrúi Ungra jafnaðarmanna (UJ)
- Steinunn Ása Sigurðardóttir fulltrúi Ungmennahreyfingar Rauða Kross Íslands (URKÍ)
- Tanja Teresa Leifsdóttir fulltrúi Ungra athafnakvenna (UAK)

Fram fer leynileg kosning í gegnum ElectionRunner. Steinunn Ása Sigurðardóttir fulltrúi URKÍ kjörin meðstjórnandi með meirihluta atkvæða. Jafntefli milli Tönju Teresu og Davíðs Sóls. Kosning opnuð aftur og Davíð Sól Pálsson fulltrúi UJ kjörinn meðstjórnandi.

12.7. Framboð til varamanna:

Jóhanna María Sigmundsdóttir fulltrúi Sambands ungra bænda (SUB) kjörin með lófaklappi.

Sigurður Sigurðsson fulltrúi JCI kjörinn með lófaklappi.

13. Kosning ungmennafulltrúa Íslands hjá SP á sviði mannréttinda

Þingforseti tilkynnir að frambjóðandi fái 3 mín. til að kynna sig í pontu. Jóna Þórey Pétursdóttir fulltrúi UJ kynnir sig og er kjörin ungmennafulltrúi Íslands á sviði mannréttinda með lófaklappi.

14. Kosning skoðunarmanna reikninga

Stjórn óskar eftir tveimur skoðunarmönnum úr röðum þingfulltrúa. Starri Reynisson fulltrúi UE og Lilja Rannveig fulltrúi SUF bjóða sig fram og eru kjörnir skoðunarmenn reikninga fyrir starfsárið 2021-2022.

15. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá. Þingforseti felur Unu Hildardóttur endurkjörnum forseta að slíta þingi.

Þingi slitið kl 16:31